



Mánaðarpóstur Hörðuvallaskóla

Mánudagur 25. maí 2020

Ábyrgðarmaður: Þórunn Jónasdóttir

Skólaslit vorið 2020

Skólaslit 1.-9.árgangs verða þriðjudaginn 9. júní. Þau verða með breyttu sniði þetta vor vegna skerts aðgengis foreldra að skólahúsnæðinu. Allir nemendur mæta beint í umsjónarstofu til umsjónarkennara kl 9:00. Nemendur mæta án foreldra. Morgundvöl verður opin frá kl 7:45 fram að skólaslitum og eftir skólaslit er frístund opin fyrir þá nemendur sem þar eru skráðir.

Útskrift 10.árgangs verður mánudaginn 8. júní kl 16:30, fyrirkomulag hennar verður nánar auglýst síðar í pósti til foreldra.

Kæra skólasamfélag

Komið er að endasprenntinum í vetur enda aðeins rúmar tvær vikur eftir af skólaárinu. Í þessu fréttabréfi er að finna skipulag síðustu viknanna í grófum dráttum en eins og venjulega brestur á með vorferðum af ýmsu tagi undir lokin. Allra síðustu dagarnir eru svo „skertir dagar“ á skóladagatali sem þýðir að þá lýkur skóladeginum klukkan 12:00. Með lokum skólaársins styttist í skil á námsmati en eins og undanfarið munum við ekki prenta út vitnisburðarblöð nema fyrir útskriftarnemendur í 10. bekk. Aðrir nemendur munu geta nálgast námsmatsupplýsingar sínar á hæfnikortum í mentor og verða þær upplýsingar sýnilegar þann 9. júní.

Með von um ánægjulega daga í lok skólaárs!
Þórunn Jónasdóttir skólastjóri

Vorskóli fyrir verðandi 1. bekkinga

Vorskólinn verður með öðru sniði heldur en undanfarin ár.

Nemendur í 1. bekk Hörðuvallaskóla, skólaárið 2020 -2021 eru boðaðir í skólann dagana 2. til 5 júní. **Hópnum verður tvískipt** og mætir fyrri hópurinn þriðjudaginn 2. júní og miðvikudaginn 3. júní. Seinni hópurinn mætir fimmtudaginn 4.júní og föstudaginn 5. júní. Börnin mæta kl.14:00 og eru klukkustund í skólanum. Tölvupóstur verður sendur á foreldra með nánari upplýsingum.

Frístund 2020-2021 og sumarfrístund verðandi 1. bekkinga (2014 árg.)

Opnað hefur verið fyrir umsóknir um frístund fyrir næsta vetur. Sótt er um í gegnum þjónustugátt Kópavogsbæjar.

Einnig hefur verið opnað fyrir umsóknir um sumarfrístund fyrir verðandi 1.bekkinga, 10.-21. ágúst. Sótt er um í gegnum þjónustugátt Kópavogsbæjar, undir grunnskólamáli. Þar sem sumarfrístund er með aðeins öðru fyrirkomulagi heldur en vetrarfrístund, þá er umsóknarformið með öðru sniði, líkt og um námskeið væri að ræða.

Tvær vikur eru í boði og hægt er að velja aðra hvora eða báðar, 10. – 14. ágúst og 17. – 21. ágúst. Gjald fyrir staka viku er 10.200 kr. eða 20.400 fyrir báðar vikurnar.

Hádegismatur og hressing fyrir og eftir hádegi innifalin. Opnunartími er frá 8:00-16.

Umsóknarfrestur í sumarfrístund er til og með 7. júní.

Skólaboðunardagar 1.árgangs eru þriðjudaginn 25.ágúst og miðvikudaginn 26.ágúst en þá er lokað í frístund.

Um skráningar í frístund og mötuneyti

Frístund:

Frístundarumsóknir haldast ekki opnar milli skólaára. Frístundarumsóknum fyrir nuliðandi skólaár verður lokað í lok skólaárs. Sækja þarf um frístund á ný fyrir næsta skólaár.

Mötuneyti:

Allar mötuneytisumsóknir sem eru í gildi í dag haldast opnar milli skólaára þannig að þeir sem eru í áskrift í dag þurfa ekki að sækja um fyrir næsta skólaár. Að sama skapi þurfa þeir sem vilja hætta í áskrift að segja upp áskrift fyrir næsta skólaár.

Sun	Mán	Þri	Mið	Fim	Fös	Lau
24.	25. Fiskibollur m/soðnum kartöflum og rabarbarasultu. Ávaxtabiti 7.árg Langisandur og Guðlaug 10-14	26. Grænmetisbuff m/brúnum hrísgrjónum og kaldri sósu. Grænmeti og ávaxtabiti 4.árg ferð um Kópavog 9-13 5.árg Vífilsstaðavatn 9-11:30 6.árg í vorferð 8:30-14 8.-10.árg fótballtamót	27. Heitur pastaréttur m/heilhveitipastapenne, baconi, grænmeti og ostasósu. Ávaxtabiti 1.árg Kriki 9-11 7.árg úrslit stóru upp-lestrarkeppinnar kl 13	28. Ýsa í raspi m/soðnum kartöflum og kokteilsósu/tómatsósu. Grænmeti og ávaxtabiti. Vinaliðar í óvissuferð 9:20-11:40	29. Lasagna m/grófu brauði. Grænmeti og ávaxtabiti. 6.árg ljóðasamkeppni 8:10-9:50 7.árg fótballtamót Skólahreysti kl 16	30.
31.	01. Annar í hvítasunnu	02. Pizza í Guðmundarlundi Pylsur í skóla 3.-7.árg í Guðmundarlundi 8.árg gönguferð kringum Elliðavatn 9.árg Fussball 10.árg gönguferð á Esjuna	03. Pizza í Guðmundarlundi Pylsur í skóla 1., 2., 8.-10. í Guðmundarlundi 5.-7. Hörðuvallaleikar og UNICEF	04. Afgangadagur, Grænmeti og ávaxtabiti 1.-4.árg Hörðuvallaleikar og UNICEF Sund fellur niður hjá 1.árg 8.árg hringleikadagur 9.árg ratleikur í Rvk 10.árg óvissuferð	05. Lambasnitseil (innralæri) m/kaldri bernaisésósu og soðnum kartöflum. Grænmeti og ávaxtabiti. 3.árg í Magnúsarlundi 8.árg ratleikur í Rvk 9.árg gönguferð kringum Elliðavatn 10.árg óvissuferð Skertur skóladagur kennsla til 12:00 frístund opnar kl 12:00	06.
07.	08. Ýsa í orly m/brúnum hrísgrjónum og súrsætri sósu. Grænmeti og ávaxtabiti. 2.árg Gufunesbær 9-12 5.árg Yrkjuferð 9:30-11 6.árg í Magnúsarlundi 8.árg í Reykjadal 9.árg hringleikadagur 10.árg Nauthólsvík Skertur skóladagur kennsla til 12:00 frístund opnar kl 12:00 Útskrift 10.árgangs kl 16:30 fyrirkomulag nánar auglýst síðar	09. Skólaslit 1.-9.árgangs Athugið breyting á skólaslitum vegna skerts aðgengis foreldra að skólahúsnæðinu!! Allir nemendur mæta í umsjónarstofu til umsjónarkennara kl 9:00. Nemendur mæta án foreldra. Frístund opin fyrir nemendur sem þar eru skráðir eftir skólaslit Morgundvöl opin fram að skólaslitum	10. Frístund opin 8-16. Sækja þarf sérstaklega um vistun þessa daga . Hver dagur kostar 2080 kr.	11. Frístund opin 8-16. Sækja þarf sérstaklega um vistun þessa daga . Hver dagur kostar 2080 kr.	12. Frístund opin 8-16. Sækja þarf sérstaklega um vistun þessa daga . Hver dagur kostar 2080 kr.	